

Mánudaginn hinn 22. júnímánaðar.
 Nr. 13/1908: Kálfatjarnarkirkja
 gegn
 Sigurði Gíslasyni.

D ó m u r:

Fjárhaldsmaður Kálfatjarnarkirkju krafði hinn stefnda, Sigurð bónda Gíslason í Traðarkoti, um heilan ljóstoll til kirkjunnar fyrir árið 1906, en Sigurður þóttist eigi skyldur til að greiða hann allan. Var þá af hálfu kirkjunnar krafist lögtaks fyrir ljóstollinum, og var lögtakið framkvæmt af hreppstjóra Vatnsleysustrandarhrepps 8. júní 1907 fyrir hálfum ljóstollinum 68 aur., en hinn helming ljóstollsins, 68 aura, hafði Sigurður greitt góðviljuglega; hann leit svo á, að hann ætti eigi að lögum að greiða nema hálfan ljóstoll, mótmælti samkvæmt því lögtaksgjörðinni, og er hún kom undir fógetaúrskurð Kjósar- og Gullbringusýslu 27. okt. f. á., voru mótmæli Sigurðar tekin til greina og gjörðin feld úr gildi. Þessum fógetaúrskurði hefir verið skotið til yfirdómsins fyrir hönd Kálfatjarnarkirkju með stefnu, dags. 5. marz þ. á., og hefir kirkjan fengið gjafsókn til þess og skipaðan málsfærslumann, og hefir málsfærslumaður hennar krafist þess, að fógetaúrskurðrinn verði úr gildi feldur, að lögtaksgjörð hreppstjórans í Vatnsleysustrandarhreppi verði staðfest sem lögleg, og að stefndi verði dæmdur í málskostnað, eins og málið eigi væri gjafsóknarmál, svo og að málsfærslumanninum verði dæmd hæfileg málsfærslulaun. Stefndi Sigurður Gíslason hefi eigi komið fyrir yfirdóminn eftir stefnunni, þótt löglega sé stefndur, og enginn af hans hendi, og verður því að

dæma málið eftir framkomnum gögnum og skilríkjum samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. grein.

Stefndi, Sigurður Gíslason, var árið 1906, þá er ljóstollurinn féll til greiðslu, bóndi í Traðarkoti, lögbyli á Vatnsleysuströnd, metnu til dýrleika, en hann hélt þá engin vinnuhjú, og fyrir því telur hann sér eigi skylt að greiða nema hálfan ljóstoll, og vitnar í því efni til laganna um prests- og kirkjugjöld 3. apríl 1900 5. gr., þar sem svo segir, að heilan ljóstoll til kirkju gjaldi búandi hver eða húsráðandi, sem heldur hjú o. s. frv. Grein þessi er nú þannig orðuð, að skilyrðismálgreinin: »sem heldur hjú,« sýnist ótvíræðlega að eiga við bæði »búandi hver« og »húsráðandi«, sbr. sérstaklega samtengingarorðið »eða«. Eftir þessu kemur stefndi sem hjúlaus bóndi eða »búandi« undir orðið »húsráðendur« í 2. málslið lagagreinarnar, enda er það málrétt að kalla bændur húsráðendur. Þó að venjan ef til vill í sumum sveitum landsins hafi farið í þá átt, að heimta jafnan af bændum heilan ljóstoll, án til lits til hjúahalds þeirra, þá getur venja þessi eigi hafa verið mjög víðtæk, því að fremur sjaldgæft hefir það verið fram á þessi síðustu ár, að bændur hafi verið algjörlega hjúalausir. Og eigi hefir venja þessi stoð í löggjöfinni, því að í títundarreglugjörðinni 17. júlí 1782, 13. gr. segir svo: »Sá sem situr með húsnald og heldur vinnufólk, geldur heilan ljóstoll«. Hér er það eigi vafasamt, að bændur koma undir ákvæðið: »sá sem situr með húshald« o. s. frv. (»den som sidder med Husholdning«). Samkvæmt þessu er úrskurður fógetans, sá er áfryjað hefir verið, á réttum rökum bygður, og verður að staðfesta hann. Málskostnaður verður að

falla niður, og kaup málsfærslumanns kirkjunnar, er ákveðst 20 kr., greiðist þá úr landssjóði.

Það vottast, að sókn málsins fyrir yfirdómi hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Fógetaréttarúrskurðurinn skal vera óraskaður. Málskostnaður fellur niður, og málsfærslukaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, Odds yfirréttarmálaflutningsmanns Gíslasonar, 20 krónur, greiðist úr landssjóði.

Nr. 51/1907:

Ólafur Ólafsson
gegn

Guðmundi Þorbjarnarsyni.

Dómur:

Áfrýjandinn, Ólafur bóndi Ólafsson á Eyri í Svínadal í Borgarfjarðarsýslu, hefir höfðað mál þetta gegn hinum stefnda Guðmundi Þorbjarnarsyni húsmanni í Sandgerði á Akranesi, og hefir lýst tilefni málshöfðunarinnar á þá leið, að hann hafi 27. febr. 1906 gert þann samning við Þorbjörn heitinn Jónsson, föður hins stefnda, að ráðskona þeirra feðga, sem hann svo kallar, Katrín Gunnarsdóttir, færi sín að Eyri sem kaupakona um heyannatímann 1906, 8 til 9 vikur, fyrir 7 kr. kaup í peningum fyrir hverja viku, en svo hafi stefndi með bréfi, dags. 2. júní 1906, tilkynt sér, að stúlkunni bjóðist hærra kaup annarstaðar, og að auk þess vilji